

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

06 441

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

kt. 650914-2520

Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnarsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Verkefni embættisins eru eftirfarandi málaflokkar:

Persónuréttindi og fjölskyldumál. Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólöggráða einstaklinga.

Eignaréttindi og fullnusta krafna. Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.

Stjórnarsýsla ríkisins í umdæminu. Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskírteina, lögþóttandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.

Sérverkefni fyrir landið allt

Veiting leyfa til ættleiðinga, sbr. 1. gr. laga nr. 130/1990 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðinga.

Afgreiðsla nauðungarvistana, sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, sbr. reglugerð nr. 1123/2006

Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga nr. 76/2003

Skráning heimagistingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.340,3 milljónir og afkoma kr. 57,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 20,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 237,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukaalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigríður Kristinsdóttir

Sýslumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.220.500.000	1.192.800.000
Seld þjónusta	3	99.663.794	114.696.810
Framlög og ýmsar tekjur	4	7.815.530	35.246.474
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.288.531	10.944.066
Tekjur samtals		1.340.267.855	1.353.687.350
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.052.173.284	1.115.820.963
Annar rekstrarkostnaður	6	218.669.372	236.191.333
Afskriftir	7	12.288.531	10.944.066
Gjöld samtals		1.283.131.187	1.362.956.362
Afkoma fyrir fjármagnsliði		57.136.668	(9.269.012)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	90
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(18.973)	(4.386)
		(18.973)	(4.296)
Afkoma ársins		57.117.695	(9.273.308)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		43.358.026	49.862.274
Farartæki og vélar		0	0
Aðrar eignir		566.119	566.119
		<u>43.924.145</u>	<u>50.428.393</u>
Fastafjármunir samtals		<u>43.924.145</u>	<u>50.428.393</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		8.784.038	3.269.700
Tengdir aðilar	9	170.966.861	133.311.504
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	977.833	888.329
Handbært fé	11	12.826.865	12.594.180
		<u>193.555.597</u>	<u>150.063.713</u>
Veltufjármunir samtals		<u>193.555.597</u>	<u>150.063.713</u>
Eignir samtals		<u>237.479.742</u>	<u>200.492.106</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		20.856.174	(36.261.521)
		<u>20.856.174</u>	<u>(36.261.521)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	(56.512.925)	22.086.005
Viðskiptaskuldir		10.197.961	11.661.246
Ýmsar skammtímaskuldir	13	214.931.982	149.611.295
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	48.006.550	53.395.081
		<u>216.623.568</u>	<u>236.753.627</u>
Skuldir samtals		<u>216.623.568</u>	<u>236.753.627</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>237.479.742</u>	<u>200.492.106</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		57.117.695	(9.273.308)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	12.288.531	10.944.066
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.288.531)	(10.944.066)
Söluhagnaður	2	25.250	0
		<u>57.142.945</u>	<u>(9.273.308)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.603.842)	41.622.007
Tengdir aðilar		(115.163.820)	(132.092.175)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		63.857.402	40.580.666
		<u>(56.910.260)</u>	<u>(49.889.502)</u>
		<u>232.685</u>	<u>(59.162.810)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(5.809.533)	(8.940.085)
		<u>(5.809.533)</u>	<u>(8.940.085)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	2.340.085
Fjárfestingarframlag		5.809.533	6.600.000
		<u>5.809.533</u>	<u>8.940.085</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		232.685	(59.162.810)
		<u>12.594.180</u>	<u>71.756.990</u>
		<u>12.826.865</u>	<u>12.594.180</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.220.500.000	1.192.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.288.531	10.944.066
	<u>1.232.788.531</u>	<u>1.203.744.066</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.138.300.000	0	0	1.138.300.000
Launabætur	11.500.000	0	0	11.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	70.700.000	0	0	70.700.000
Fjárveiting til tekna	1.220.500.000	0	0	1.220.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.163.382.305)	0	0	(1.163.382.305)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	57.117.695	0	0	57.117.695

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Verksala	91.749.232	102.485.069
Ýmsar þjónustutekjur	972.652	2.997.331
Veitinga- og gistiþjónusta	6.941.910	9.214.410
	<u>99.663.794</u>	<u>114.696.810</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	750.000	875.000
Kostnaðarhlutdeild	1.550.338	636.869
Ýmsar tekjur	5.515.192	25.569.386
	<u>7.815.530</u>	<u>35.246.474</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	863.519.537	902.550.357
Orlof, breyting	(17.822.112)	1.300.359
Launatengd gjöld	196.151.613	201.521.344
Starfsmannakostnaður	10.324.246	10.448.903
	<u>1.052.173.284</u>	<u>1.115.820.963</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	92,8	102,4

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	6.004.822	7.192.121
Byggingarvörur, almennar	4.641	58.444
Ýmis tæki og áhöld	2.025.080	2.220.765
Varahlutir og viðhaldsvörur	22.695	20.145
Orkugjafar	5.175.381	4.866.989
Matvæli	17.381.533	13.017.842
Almennar rekstrarvörur	964.697	2.095.868
Vörukaup, almenn	31.578.849	29.472.174
Fundir, námskeið, risna	599.085	433.843
Ferðir, upphald	1.543.652	1.473.157
Akstur	1.867.657	2.520.050
Sérfræðiþjónusta	17.306.297	22.149.921
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	7.662.425	7.296.615
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	356.238	290.140
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.145.020	2.568.322
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	32.480.374	36.732.048
Afnotagjöld	12.584.976	8.158.273
Leigugjöld	100.860.759	93.818.755
Notkun véla og flutningatækja	2.601.823	1.067.748
Verkkaup	33.075.011	20.414.510
Kostnaðarhlutdeild	5.487.580	46.527.308
Opinber gjöld	0	517
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	154.610.149	169.987.111
Annar rekstrarkostnaður samtals	218.669.372	236.191.333
	2022	2021
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.256.431	10.944.066
Sölutap og úreltar eignir	32.100	0
	12.288.531	10.944.066

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	43.358.026	49.862.274
Aðrar eignir	566.119	566.119
	<u>43.924.145</u>	<u>50.428.393</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	120.747.752	566.119	121.313.871
Viðbætur á árinu	5.809.533	0	5.809.533
Selt/úrelt á árinu	(4.431.846)	0	(4.431.846)
	<u>122.125.439</u>	<u>566.119</u>	<u>122.691.558</u>
Afskriftir 01.01.2022	70.885.478	0	70.885.478
Afskrift ársins	12.256.431	0	12.256.431
Selt/úrelt á árinu	(4.374.496)	0	(4.374.496)
	<u>78.767.413</u>	<u>0</u>	<u>78.767.413</u>
Staða 31.12.2022	<u>43.358.026</u>	<u>566.119</u>	<u>43.924.145</u>

	31.12.2022	31.12.2021
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	169.702.188	132.327.465
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.264.673	984.039
	<u>170.966.861</u>	<u>133.311.504</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	(56.512.925)	22.086.005
	<u>(56.512.925)</u>	<u>22.086.005</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	316.256	322.653
Skattar	661.577	565.676
	<u>977.833</u>	<u>888.329</u>

Skýringar

11 Handbært fé

Sjóðir	391.630	350.000
Tékkareikningar	12.435.235	12.244.180
	<u>12.826.865</u>	<u>12.594.180</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 772,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(36.261.521)	(26.988.213)
Afkoma ársins	<u>57.117.695</u>	<u>(9.273.308)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>20.856.174</u>	<u>(36.261.521)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	102.403.673	120.225.785
Önnur ógreidd gjöld	<u>112.528.309</u>	<u>29.385.510</u>
	<u>214.931.982</u>	<u>149.611.295</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	43.924.145	50.428.393
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>4.082.405</u>	<u>2.966.688</u>
	<u>48.006.550</u>	<u>53.395.081</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	50.428.393	2.966.688	53.395.081
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.900.000	6.900.000
Bókfært verð seldra eigna	(25.250)	25.250	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.809.533	(5.809.533)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(12.288.531)</u>	<u>0</u>	<u>(12.288.531)</u>
	<u>43.924.145</u>	<u>4.082.405</u>	<u>48.006.550</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 10,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Embættið hefur gert tvo skuldbindandi samninga um húsnæði að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. Annars vegnar húsaleigusamning um 2.958 m² til 31. ágúst 2041 og hins vegar 559,1 m² til 29. febrúar 2028. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 104 milljón.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.